

Forsætisráðuneytið
postur@for.is
Sent með tölvupósti

4. september 2020

Efni: Umsögn Samtaka sprotafyrirtækja um tillögu verkefnishóps um breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs, mál nr. 145/2020

Samtök sprotafyrirtækja (SSP) fagna framlagðri tillögu verkefnishóps um breytingar á lagaumhverfi Vísinda- og tækniráðs. Hér að neðan eru tíunduð þau atriði sem SSP leggur áherslu á við afgreiðslu tillögunnar.

i. Skipan í Vísinda- og nýsköpunarráð

SSP fagna því að áhersla sé á faglega skipun í ráðið og metnaður sé fyrir því að finna fólk með afburðarþekkingu og reynslu á sviði vísinda, nýsköpunar og tækni. SSP leggur áherslu á að raddir alls nýsköpunarumhverfisins heyrast, þar með talið raddir frumkvöðla og sprotafyrirtækja. SSP telur að fulltrúi fyrirtækja ætti að koma úr samtökum þar sem stór hluti aðildarfélaganna byggja á nýsköpun svo sem Samtökum iðnaðarins eða SSP þar sem öll aðildarfélög byggja á nýsköpun og tækni.


ii. Skrifstofa Vísinda- og nýsköpunarráðs

SSP fagna því að sett verði á fót skrifstofa Vísinda- og nýsköpunarráðs sem veiti ráðinu og ráðherranefnd þjónustu við greiningar- og textavinnu. SSP undirstrika mikilvægi þess að mæla áhrif nýsköpunar og vísindastarfs á samfélagið og að mælingarnar verði hluti af mælaborði stjórnvalda og hagstjórn.

iii. Verkefnishópur sem skoðar hvernig bæta megi og samræma þjónustu við notendur vísinda- og nýsköpunarumhverfisins

SSP fagna því að áætlað er að bæta og samræma stuðningsumhverfi vísinda og nýsköpunar. Bent er á að innan SSP er yfirgripsmikil þekking og reynsla af stuðnings- og nýsköpunarumhverfinu á Íslandi sem ætti að vera til staðar í verkefnishópnum. SSP leggur því til að annað hvort eigi hópurinn virkt samtal við samtökin eða að samtökin skipi einn fulltrúa í verkefnishópinn.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Samtaka sprotafyrirtækja (SSP)



Íris Ólafsdóttir, formaður